

6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948, um visindalega verndun fiskimiða landgrunnins og á ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 8. júlí 1982.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Jón B. Jónsson.

Nr. 430.

5. júlí 1982.

SAMÞYKKT

um sveitarstjóra í Tálknafjarðarhreppi, V.-Barðastrandarsýslu.

1. gr.

Hreppsnefndin ræður sveitarstjóra eftir hverjar almennar hreppsnefndarkosningar og er kjörtímabil hans hið sama og kjörtímabil hreppsnefndar.

2. gr.

Sveitarstjóri á sæti á fundum hreppsnefndar og hefur óbundið málfrelsi og tillögurétt, en atkvæðisrétt hefur hann því aðeins, að hann sé hreppsnefndarmaður.

3. gr.

Sveitarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana þeirra sem hreppsnefnd gerir og hreppsmála yfirleitt. Hann sér um, að öll störf, sem nefndin á að annast séu framkvæmd. Hann annast innheimtu á öllum tekjum hreppssjóðs og fyrirtækja hans án sérstakrar þóknunar. Hann er féhirðir hreppsnefndar og reikningshaldari, semur allar skýrslur hennar og reikninga, annast alla bókun og bréfaviðskipti. Hann geymir bækur nefndarinnar, innstæðubréf hreppsins, verðbréf og öll önnur skjöl og hvað annað, sem hreppnum tilheyrir og hreppsnefndin á að bera ábyrgð á. Í forföllum sveitarstjóra skal oddviti annast störf hans.

4. gr.

Sveitarstóri setur þá tryggingu, sem hreppsnefndin ákveður, fyrir innheimtum þeim sem hann hefur á hendi, sbr. 3. gr..

5. gr.

Launakjör sveitarstjóra skulu ákveðin í ráðningarsamningi þeim, sem um getur í 6. gr. og greiddast úr sveitarsjóði.

6. gr.

Oddviti skal fyrir hönd hreppsnefndar gera ráðningarsamning við sveitarstjóra eftir að ráðning hans hefur verið samþykkt af hreppsnefnd og skal þar nánar kveðið á um kjör hans, orlof, skrifstofutíma, lífeyri og annað það, sem nauðsynlegt er hverju sinni, og skal ráðningarsamningurinn samþykktur af hreppsnefnd. Uppsagnarfræstur af hendi hvors aðila er 6 mánuðir.

7. gr.

Nú gerist sveitarstjóri sekur um vanrækslu og hirðuleysi í starfi sínu og skeytir ekki áminningum hreppsnefndar, getur hún þá með fundarsamþykkt vikið honum frá störfum, en tilkynna skal hún félagsmálaráðuneytinu þessa frávikningu svo fljótt sem við verður komið. Oddviti tekur þá við starfi sveitarstjóra og gegnir því uns sveitarstjóri hefur verið ráðinn að nýju.

Félagsmálaráðuneytið, 5. júlí 1982.

**F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.**

Hólmfriður Snæbjörnsdóttir.

27. maí 1982.

Nr. 431.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Kirkjusjóð Mjóafjarðarkirkju, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 27. maí 1982.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Kirkjusjóð Mjóafjarðarkirkju.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður 14. maí 1982 af Hermanni Vilhjálmsyni frá Brekku í Mjóafirði, Suður-Múlasýslu, til heiðurs Hermanni Jónssyni í Firði, d. 1837, niðjum hans og Mjófirðingum.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 50.000,00 — fimmtíu þúsund krónur —. Stofnfé skal haldast óskert. Tekjur sjóðsins eru minningargjafir, áheiti og aðrar gjafir, er honum kunna að berast, svo og vextir af höfuðstól hans. Gjafafé skal leggja við stofnfé. Fé sjóðsins og aðrar eignir skal ávaxta á þann hátt, sem sjóðsstjórn ákveður hverju sinni.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að tryggja kirkjuhald að Brekku í Mjóafirði í Mjóafjarðarhreppi í Suður-Múlasýslu. Skal verja tekjum sjóðsins til að viðhalda og vernda, bæta og fegra kirkjuna og kirkjugarðinn, eftir nánari ákvörðun stjórnar sjóðsins á hverjum tíma, að svo miklu leyti sem annað fé kirkjunnar hrekkur ekki til.

4. gr.

Sjóðurinn skal vera í vörslu sýslumannsins í Suður-Múlasýslu og er hann formaður sjóðsstjórnar. Aðrir stjórnarmenn skulu vera sóknarprestur Mjóafjarðarkirkju og formaður safnaðarstjórnar Brekkusóknar. Reikningar skulu árlega endurskoðaðir af endurskoðendum sýslureiknings Suður-Múlasýslu. Afrit reikninganna skal afhendast biskupi og geymast við embætti hans. Þeir skulu birtir í B-deild Stjórnartíðinda.